



## Valgreinar fyrir 8.-10. bekk skólaárið 2019-2020

Valgreinar verða í 8 - 9 vikur í senn (lota – 1 valeining). Valgreinarnar heilsurækt og skólahreysti, leiklist og nemendaráð eru heilsársgreinar. Nemendur þurfa að vera með 12 valeiningar.

**Kynnið ykkur vel lýsingar í hverri valgrein. Ekki er hægt að skipta um valgrein þegar ráðað hefur verið í hópa. Ef ekkert er tekið fram, þá er valgreinin í eina lotu.**

**ALLIR NEMENDUR ÞURFA AÐ VELJA AÐ MINSTA KOSTI EINA LIST- OG VERKGREIN. (Þær eru merktar með \*)**

### Val í skólanum

#### Aðstoð í Akurskjóli/uppeldisfræði (frístund)

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar er unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn.

Námsmat byggir á ástundun, virkni og dagbók.

#### Aðstoð í kennslu/uppeldisfræði

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Akurskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur fá í upphafi kennslu og fræðslu um lestrarþjálfun og kennslu/aðstoð.

Námsmat byggir á ástundun, virkni og dagbók.

#### Breakout edu

Lýsing: Nemendur bæði leysa og búa til breakout. Breakout reynir á rökhugsun og þrautseigju og er frábær kennsluaðferð til hópeflis. Nemendur myndu búa til breakout sem væri hægt að nota í kennslu.

Námsmat byggir á virkni og mætingu.

#### Búningahönnun og leikmyndagerð\* (2 valeiningar)

Nemendur vinna að búningagerð og leikmynd fyrir leikrit leiklistarvalsins.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

#### Dans\*

Kynning og kennsla á mismunandi dönsum, danssýning á árshátíð skólans.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

#### Enski boltinn

Enski boltinn skoðaður, nemendur taka þátt í „fantasy deild“ og ræða enska fótboltann.

Námsmat: Ástundun og virkni.

## Euchre

Þetta er spil sem fjórir spila sem er nokkuð eins og vist. Það eru tveir og tveir saman sem spila og reyna að fá 10 stig til þess að vinna spilið. Euchre kemur inn á rökhugsun og samvinnu.

Námsmat byggir á virkni og mætingu.

## Excel

Nemendur fá að kynnst og læra á forritið Excel. Farið verður í helstu aðferðir forritanna.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.

## Forritun\*

Farið verður yfir og prófað microbit, Dash vélmennið, Sphero vélmennið og margt fleira verður skoðað.

Námsmat byggir á virkni og mætingu.

## Franska 1

Markmið: Áhersla lögð á að nemendur kynnist franska tungumálinu, læri helstu frasa og grunnatriði franskrar málfræði. Nemendur fá einnig innsýn inn í sögu Frakklands og franska menningu. Nemendur læra m.a. að kynna sig og fjölskyldu sína, tölustafina, litina, klukkuna og að panta mat á veitingastað.

Námsmat byggir á stuttri könnun og virkni í tímum.

## Fyrstu fasteignakaup

Ferlið skoðað og raunhæf verkefni unnin, sbr. kauptilboðsgerð, kaupsamningur og afsal.

Námsmat: Ástundun og virkni.

## Gettu enn betur (2 valeiningar)

Verkefni: Valgreinin er hugsuð fyrir þá sem hafa áhuga á spurningaleikjum og spurningakeppnum, bæði að svara spurningum og búa þær til. Takmarkið er að æfa og vinna Gettu enn betur.

Hæfniviðmið: Nemendur öðlist þekkingu á því að leita svara, búa til spurningar úr ýmsum áttum til að búa til spurningakeppni og taka þátt í spurningarkeppni.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Nemendur búa til og taka þátt í spurningarkeppni. Gefið er lokið/ólokið og krafist 80% mætingar til að fá lokið.

## Gler\*

Markmið: Að nemendur skilji spennu og eiginleika glersins, æfi sig í að vinna með stærðir og hlutföll og þekki ferli hönnunar til vöru.

Námsmat byggir á frumkvæði, hugmynda- og skissuvinnu, virkni og verklagi.

## Handritagerð\*

Kynning á því hvernig handrit er skrifað og handritagerð. Fullbúin handrit er síðan hægt að útfæra og setja upp á árshátíð skólans.

Námsmat: Ástundun, virkni og afurð.

## Hár og Förðun\*

Farið verður yfir umhirðu húðar, förðun og hár. Einnig farið yfir hvað matarræði skiptir miklu máli í umhirðu húðar og hárs.

Nemendur útbúa portfolio möppu sem metin verður ásamt virkni í tímum.

## Heilsurækt og skólahreysti (Heilsársval, 4 valeiningar)

Í þessu vali fara nemendur í æfingar sem reyna á þrek, leikni og almenna líkamsrækt. Nemendur fá kynningar á íþróttagreinum ásamt því að fara í heimsóknir á líkamsræktastöðvar.

Skólahreysti verður hluti af faginu og fá þeir sem hafa áhuga á skólahreysti forskot á aðra. Skólahreystiliðið verður svo valið í undankeppni skólans, þar sem allir nemendur skólans geta tekið þátt og gert tilkall til skólahreysti liðsins.

Skólahreysti liðið æfir sér í lotu 3 fyrir aðalkeppnina.

## Heimanámsaðstoð

Ef þig vantar auka aðstoð með eitthvað námsefni þá er þetta tilvalið val fyrir þig. Þú mætir, lærir og færð aðstoð.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

## Heimanámsaðstoð fyrir 5.-7. bekk.

Nemendum í 5. - 7. bekk er boðin aðstoð við heimanám. Nemendur í vali sjá um að aðstoða nemendur við heimanámið og er kennari þeim innan handar.

Áfangi er metinn út frá virkni og mætingu.

## Heimspeki og siðfræði

Markmið: Nemendur fá grunn í heimspeki og siðfræði þar sem markmiðið er að þjálfa gagnrýna hugsun, rökfærslu og samræðuhæfni. Notast er við efni sem nemendur þekkja eins og sjónvarpsþætti, fréttamiðla, kvikmyndir og listir til að nýta í umræðum.

Námsmat: Þátttaka í tímum og ritun sem tengist efni kennslustundanna.

## Hljóðfærasmíði\*

Markmið: Að nemendur fái tækifæri á að kynnst hljóðfærasmíði þar sem reynir á vandvirkni og vinnusemi og kynnst ólíkum viðartegundum en hljóðfærið er smíðað úr mahony og hlyn. Hljóðfærið nefnist Strumstick og er þriggja strengja hljóðfæri. Það er einfalt með góðum hljóm sem allir geta spilað á, jafnt ungir sem gamlir.

Með aðstoð og leiðbeiningum frá kennara smíða nemendur sitt hljóðfæri frá grunni, móta og líma saman kassann, bora fyrir stillitökkum, saga fyrir þverböndum og líma þau í og slípa.

Að lokum er hljóðfærið olíuborið og settir í það strengir.

Námsmat: Metið er lokafrágangur á hljóðfærinu, vinnusemi og frumkvæði. Nemendur uppskera í lok áfangans sitt eigið hljóðfæri sem auðvelt er að læra að spila á.



### Hugmyndavinna og skreytingagerð\*

Hópurinn hannar og gerir endingagóðar skreytingar til að nota við viðburði á vegum skólans. Skreytingar sem hægt er að nota aftur og aftur og raða saman á misjafnan máta. Til dæmis skreytingar fyrir árshátíð skólans, jólahátíð skólans, skólaslit, öskudag og mögulega fleiri viðburði.

Námsmat byggir á þátttöku og framlagi.

### Hugarfrelsi

Í hverjum tíma er unnið með ákveðið þema, svo eru gerðar léttar jógateygjur, farið í slökun, hugleiðslu og umræður. Áhersla er á að bæta bæði andlega og líkamlega líðan, efla einbeitingu og sjálfsmynd.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Hugarró

Hér munu nemendur fá algjöra slökun frá öllu áreiti. Engir símar eða spjaldtölvur verða leyfð í þessu fagi. Förum við í núvitund með því að hugleiða, fara í slökun og nýta til þess alls kyns verkefni.

Námsmat: Lokið/ólókið. Hér gildir mæting og þátttaka.

### Húsamódel\*

Módel gerð (módel af húsum) úr þykkum pappír. Unnið eftir grunnmyndum sem hægt er að finna á netinu. Nemendur velja sér hús, við finnum grunnmynd og prentum út, stærðum er breytt í 1:50 eða 1:100 og svo er módelið búið til (opið að ofan eða jafnvel frá hlið). Rætt verður við einstakling af arkitektastofu um hönnun húsa, teikniforrit og módelsmíði. Ef tími gefst til fá nemendur að hanna eigið hús og gera módel af því.

Námsmat byggir á þátttöku, ástundun og vinnuframlagi.

### Jólaskreytingar\*

Búa til varanlegar skreytingar fyrir skólann og setja þær upp.

Unnið út frá hugmynd frá kennara og einnig að eigin hugmyndum.

Áfanginn er metinn út frá ástundun og virkni.

### Kökuskreytingar\*

Nemendur baka kökur og farið verður yfir mismunandi tegundir af skreytingum. Endar með kökukeppni milli nemenda.

Námsmat: Ástundun og virkni

### Leiklist\* (Heilsársval, 4 valeiningar)

Markmið: Að nemendur þjálfist í tjáningu orðs og líkama ásamt því að geta unnið í hóp og sett upp leikverk. Leiklistarhópurinn tekur þátt í Þjóðleik sem er leiklistarverkefni á vegum Þjóðleikhússins þar sem leiklistarhópar í flestum skólum á Suðurnesjum setja upp sömu leikritin og sýna þau á uppskeruhátíð í apríl/maí.

Námsmat er símat sem byggir á ástundun og virkni nemenda.

## Leikskólinn Akur

Nemendum gefst kostur á að velja sér að fara á leikskólann og kynnast því fjölbreytta starfi sem fer fram þar.

### Leirmótun\*

Markmið: Að nemendur nái færni í mótun leirmuna og öðlist þekkingu á efnum og áhöldum ásamt tæknilegu ferli brennslunnar. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnir í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skissubókavinnu til fullmótaðra listmuna. Sögu leirlistarinnar er gerð skil.

Námsmat byggir á ástundun, virkni og verkfærni.

### Lopapeysuprjón\* (2 valeiningar)

Verkefni: Prjóna lopapeysu, barna- eða fullorðins. ATH. Nemandi þarf sjálfur að kaupa lopa í flíkina. Nemendur fá í upphafi kynningu á íslensku ullinni og aðferðum til að prjóna lopapeysu, þvo ull o.fl.

Hæfniviðmið: Nemandinn geti lesið uppskrift, prjónað slétt og brugðið, prjónað á fjóra prjóna og tvíbandaprjón. Verið getur að nemandi þurfi að vinna verkefnið heima svo hann nái að ljúka því.

Námsmat: Símat er í hverjum tíma þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði/sköpun, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið lokið/ólókið og umsögn fyrir unnið stykki.

### Morfís\* (2 valeiningar)

Lýsing: Nemendur kynnast fyrirkomulagi Morfís - mælsku og rökræðukeppni framhaldsskólanna. Unnið er að undirbúningi fyrir keppni á milli grunnskólanna í Reykjanesbæ, lið búið til innan valsins og keppt fyrir hönd skólans. Allir nemendur taka þátt í að semja ræður, búa til rök, finna heimildir fyrir ræður og taka þátt í rökræðum og efla þannig ýmsa hæfni í íslensku og framkomu s.s. framsögn og ritun.

Námsmat byggist á frumkvæði, færni og virkni.

### Myndlist 1\*

Markmið : Að efla áhuga á myndlist og að leyfa nemendum að njóta sín í sköpun. Farið verður í undirstöðuatriði myndlistar; teikningu, litufræði og myndbyggingu. Fjölbreytt verkefni unnin með mismunandi tækni svo sem blýanti, krít, vatns og akrillitum.

Námsmat byggist á frumkvæði, hugmynda og skissuvinnu, virkni og verklagi.

### Myndlist 2\*

Markmið: Að efla skilning nemenda á mismunandi tækni í myndlist. Fjarvídarteiknun, hlutateiknun og uppstillingateiknun gerð skil. Áhersla lögð á formfræði og myndbyggingu og að efla skilning nemenda á fjarvídd. Nemendur vinna með blýanti og tússlitum með grátónaskalann, skyggingar, form og línur.

Námsmat byggist á frumkvæði, færni, virkni og verklagi.

### Náttúran í gegnum linsuna\*

Nemendur safna myndefni eftir ákveðnu náttúrufræði þema, svo sem “haustið kemur”, “smádýrin” “vöxtur” og “náttúruleg form”. Nemendur læra að nota einföld smáforrit (öpp) til að útbúa myndbönd með mismunandi myndvinnsluaðferðum. Notast er við spjaldtölvur. Markmiðið

er að dýpka skilning á náttúrufræði, ljósmyndun og myndbandstækni á skemmtilegan og skapandi máta.

Námsmat byggir á þátttöku, ástundun og vinnuframlagi.

### Nemendaráð (Heilsársval, 4 valeiningar)

Í Akurskóla er starfrækt nemendaráð sem skipað er nemendum í 8. - 10. bekk. Nemendur velja sjálfir að vera í nemendaráði. Í byrjun skólaárs kjósa nemendur í 8. – 10. bekk í stjórn nemendaráðs eftir framboðsfund á sal skólans. Í stjórninni sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari.

Hlutverk nemendaráðs er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda og gæta að hagsmunum og velferðarmálum þeirra. Formaður og varamaður eru áheyrnarfulltrúar nemenda í skólaráði. Einnig situr formaður ásamt varaformanni í ungmennaráði Reykjanesbæjar.

### Nýsköpun\*

Nemendur taka þátt í hugmyndavinnu og vinna nýsköpunarverkefni út frá því.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

### Ofurhetjur Marvel og DC

Nemendur munu taka þátt í umræðum um ofurhetjur Marvel og DC og kraftana þeirra. Lesa blöð/bækur, gera stutta kynningu og horfa á kvikmyndir.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Púsl

Nemendur fá púsl til að púsla eða mega koma með sitt eigið. Púsl styður undir rökhugsun og þolinmæði, sem er mjög góður kostur að hafa þegar kemur að námi.

Námsmat: Virkni og mæting.

### Réttir frá ýmsum löndum\*

Nemendur gera rétti frá ýmsum löndum og snæða. Prufa ýmiskonar matargerð og kynnst matarmenningu annara landa.

Námsmat: Virkni og mæting.

### Skákkennsla

Markmið: Farið verður í helstu grunnatriði í skák og kennsluefni sem í boði er á skákkennsla.is skoðað.

Nemendur æfa sig með því að tefla við hvora aðra undir tilsögn kennara.

Námsmat: Virkni og framfarir.

### Skólablað (2 valeiningar)

Skólablað (rafrænt með Sway) heilsársval þannig að hægt sé að leggja sem mest upp úr hverri útgáfu - 1 "blað" á mánuði. Nemendur taka viðtöl, búa til fréttir úr skólastarfinu og nærsamfélaginu og myndbönd tengd þeim, taka myndir og skrifa um lífið í skólanum og samfélaginu.

Markmið:

- Að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum

- Að efla samskiptafærni nemenda
- Að nemendur læri að taka viðtal
  - Að nemendur geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun
  - Að nemendur geti skrifað mismunandi textagerðir
  - Að nemendur geti skrifað rafrænan texta og tengt texta, hljóð og mynd eftir því sem við á, geri sér grein fyrir lesanda og miða samningu texta við hann
- Að nemendur öðlist færni í vinnu á ýmsum miðlum s.s. ritvinnslu, útgáfu, myndvinnslu, hljóð- og myndupptöku. Námsmat byggir á að nemendur ljúki við öll verkefni af verkefnalista.

### Skrautskrift\*

Langar þig til að skrifa fallega í fermingarbókina þína, gestabækur, afmæliskort eða bréfsefni við önnur tækifæri? Gott námskeið fyrir alla í 8.-10. bekk sem hafa mikinn áhuga á ýmsum skriftartegundum og vilja öðlast færni í skrautskrift. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði skrautskriftar, skreyta skólann, ýmis vinna fyrir árshátíð, ýmsar skreytingar

Námsmat: Símat með áherslu á tækni, sjálfstæði og vinnusemi.

### Sjálfsstyrking

Fræðsla um mikilvægi góðrar geðheilsu og sjálfsmyndar. Nemendur gera sjálfsstyrkingaræfingar.

Námsmat: Virkni og ástundun.

### Skotboltaval

Skotboltabrélaði, farið í ýmsar útfærslur af skotboltaleikjum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Snaggolf

Nemendur kynnast gólfípróttinni, farið er yfir helstu undirstöðuatriðum í golfi með Snag kennslutækjum.

Námsmat: Virkni og ástundun.

### Spilaval

Við lærum að spila borðspil og með spilastokka. Lærum sem flest spil og aldrei spilað sömu spil í hverri viku.

Námsmat byggir á virkni og ástundun.

### Spænska 1

Nemendur fá kynningu á tungumálinu. Þeir læra byrjunarstig tungumálsins eins og að heilsa, tölur og liti.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.

### Stíll\* (2 valeiningar)

Undirbúningur fyrir hönnunarkeppnina Stíll sem er keppni milli félagsmiðstöðva á Íslandi. Unnið að hönnun og hönnunarmöppu sem verður notuð í keppninni. Kennt í lotu 2 og 3, þar sem lota 3 er tekinn þétt fram að keppni í febrúar.

Námsmat: Ástundun, virkni og afurð.

## Stuttmyndagerð\*

Nemendur vinna í hópum að því að búa til stuttmynd allt frá handriti til framleiðslu til sýningar. Markmið:

- Að nemendur geti unnið sjálfstætt og/eða í hóp eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- Að nemendur geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið að leiðarljósi
- Að nemendur geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun
- Að nemendur geti valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi
- Að nemendur geti nýtt sér möguleika margvíslegs tæknibúnaðar

Námsmat byggir á samvinnu og vinnusemi, verkskýrslu og lokaafurð. Nemendur gefa hvort öðru jafningjamat ásamt því að nemendur meta sína eigin vinnu.

## Stærðfræðikeppni FS

Undirbúa nemendur fyrir keppnina sem haldin er í mars. Tekin verða dæmi úr gömlum keppnum.

Lokið/ólokið: Mæta og taka þátt í tímum og keppni.

## Tölvuval

Farið verður í office pakkann, myndvinnslu, Ipad og fleira.

Námsmat: Ástundun og virkni.

## Uppbyggingarval\*

Nemendur fá nánari innsýn í uppbyggingarstefnuna. Þeir vinna svo með yngri nemendum að verkefnum tengdum uppbyggingarstefnunni.

Námsmat byggist á ástundun og virkni.

## Vatnslitamálun\*

Markmið: Að nemendur fái að kynnst litablöndun, formum og hlutföllum sem tengjast náttúrunni og landslagi. Einnig verður unnið út frá uppstillingu. Þjálfað verður í meðferð ljós og skugga.

Námsmat byggist á ástundun, virkni og verklagi.

## Þrykk og töskugerð\*

Unnin verða eigin munstur og svo búin til skapalón til að þrykkja á efni.

Námsmat: Ástundun og virkni.

## Þýska 1

Hagnýtur orðaforði, saga og menning.

Námsmat: Munnlegt próf.

## Word/PowerPoint (2 valeiningar)

Nemendur fá að kynnst og læra á forritin Word og PowerPoint. Farið verður í helstu aðferðir forritanna.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.



## Valgreinar utan skóla

Valgreinar utan skóla eru kostaðar af foreldrum/forráðamönnum.

### Björgunarsveitin Klettur (Heilsársval, 4 valeiningar)

Valgreinin er eingöngu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Markmið: að nemendur kynnist starfi björgunarsveita, efli skilning sinn á mikilvægi björgunarmála og taki þátt í viðurkenndu félagsstarfi til að efla félagsþroska sinn. Í lok skólaárs fá nemendur umsögn á vitnisburðarblaði um að þeir hafi mætt á fundi og tekið þátt í starfinu.

### Fjarnám í framhaldsskóla, öðrum en FS (4 valeiningar)

Nemendur sem eru skráðir í fjarnám kostað af foreldri á framhaldsskólástigi.

### Íþróttir/þjálfun (Heilsársval, 4 valeiningar)

Í samstarfi við íþróttafélag sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag eða fyrirmyndardeild. Þeir sem stunda íþróttaiðkun í Súperformi, Sporthúsi hafa einnig kost á að velja þessa valgrein. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

### Tónlistarnám\* (Heilsársval, 4 valeiningar)

Í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur sem stunda nám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem valgrein.

### Fjörheimaval (Heilsársval, 4 valeiningar)

Kennt í Fjörheimum ( 88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19:30 – 21:30.

Markmið: Að nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt í klúbbstarfi og sækir þá fræðslu sem boðið er uppá.

- Afþreyingargildi -að nemendur eiga góðar stundir með jafnöldrum
- Menntunargildi -mikilvægt að í frítíma fái ungmennti við fjölbreytt og skapandi verkefni
- Forvarnargildi -þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi

Kennslutilhögun: Nemendur mæta í klúbb að minnsta kosti einu sinni í viku og taka þátt í því starfi sem þar er boðið uppá.

Námsmat: Mætingar, áhugi og virkni metinn.

Athugið að þessi valgrein er kennd að kvöldlagi í Fjörheimum og þurfa nemendur sjálfir að koma sér á staðinn. Nemendur geta að sjálfsögðu nýtt sér Fjörheimaskutlarann en þá hringja þeir í símanúmerið 768-7488 og biðja um að vera sótt. Starfsfólk Fjörheima sér um að keyra bílinn og ná í nemendur.

Nemendur velja sér einn klúbb/ráð:

- Sk8roots (mánudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Tónlist, tækni og íþróttir\* (miðvikudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Föstudagsklúbburinn (föstudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Unglingaráð Fjörheima (þriðjudaga kl. 20:30 – 21:30)

Mætingarskylda einu sinni í viku frá kl. 19:30 – 21:30

## Fjölbrautaskóli Suðurnesja (Heilsársval, 4 valeiningar)

Eingöngu fyrir nemendur í 9. - 10. bekk, í samráði við kennara Akurskóla. Nemendur þurfa að hafa sýnt afburðar frammistöðu í námi og vinnusemi. Nám við Fjölbrautarskóla Suðurnesja sem nemendur geta fengið metið sem valgrein.

<b>Heilsársáfangar:</b>	<b>Kenndir kl.14.50 – 16.15</b>
Enska, ENSK2KO05	Kennt á fimmtudögum.
Húsasmíði, HÚSA1KY05*	Kennt á miðvikudögum.
Leikjaforritun, FORR1LE05*	Kennt á fimmtudögum.
Rafmagn, RAFG1KY05*	Kennt á þriðjudögum.
Spænska, SPÆN1SO05	Kennt á þriðjudögum.
Stærðfræði, STÆR2AH05	Kennt á miðvikudögum.
Textíl og hár, TXHÁ1FH05*	Kennt á miðvikudögum.
Þýsk, 1ÞO05	Kennt á þriðjudögum.

(ef margir sækja um þá þarf annar hópurinn að vera á öðrum degi).

Samkvæmt upplýsingum frá FS er kostnaður við heilsársáfangana 6000 kr.

Afburðanemendur geta stundað nám í ensku, stærðfræði, spænsku og íslensku í dagskóla frá FS. Þessir áfangar eru þá í stökkum A, F, G eða H (skv. stökkatöflu FS). Kennt er fjóra daga í viku og áfanginn er kenndur á einni önn. Aðstoðarskólastjóri Akurskóla, Þormóður Logi Björnsson, aðstoðar þá nemendur sem uppfylla skilyrði til að stunda nám í dagskóla við að velja.

Samkvæmt upplýsingum frá FS kostar hver önn 6000 kr. óháð fjölda áfanga hverju sinni.

Fjarnám á framhaldsskólastigi

Nemandi í fjarnámi á framhaldsskólastigi getur fengið nám sitt metið sem valgrein en þó mest sem nemur 2 kennslustundum á viku.

### Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Nemendur sem eru í áföngum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim reglum sem gilda um mætingu þar.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti til Guðlaugu Páls tengiliðar [gp@fss.is](mailto:gp@fss.is) eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku. Sérstaklega er þetta erfitt í verklegum greinum þar sem nemendur hafa ekki möguleika á því að vinna verkefni heima.
- Reglur um mætingu má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans [www.fss.is](http://www.fss.is) undir Skólinn – Almennar upplýsingar – Skólareglur.